

# ÓBOÐNIR GESTIR



## ENISYFIRLIT

UNA HRÝTUR .....	5
EIN HEIMA .....	8
DULARFULLT HLUÓÐ .....	13
HLERINN .....	16
ÆVAR .....	21
UNA .....	24
ÁSI .....	28
BANGSI .....	31
PREPIN .....	35
Í KIRKJUNNI .....	40
LOKAÐ OG LÆST .....	47
LÖGGAN .....	50
SOFANDI STRÁKUR .....	54

ÓBOÐNIR GESTIR

ISBN 978-9979-0-1366-2

Hljóðbók má hlaða niður af vefsíðunni [www.nams.is](http://www.nams.is)

©2009 texti og myndir: Sigrún Eldjárn

Umbrot og kápuhönnun: Sigrún Eldjárn

Ritstjóri: Sylvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2009

Námsgagnastofnun  
Kópavogi

Prentvinnslá: Oddi




## UNA HRÝTUR

– Allt í einu kemur loðin og ljót krumla inn í tjaldið!

Ævar hvíslar og gerir röddina hása og draugalega.

– Krumlan grípur um fótinn á stelpunni!



Hún öskrar!

Svo dregur krumlan hana æpandi út úr tjaldinu! Loðnir fingurnir læsast um hálsinn á henni og ...



Ævar snarþagnar þegar hann heyrir  
skyndilega léttar hrotur. Hann lítur á Unu.  
Nei, hann trúir þessu ekki.

Hún er **sofnuð!**

Hvernig getur hún sofnæð þegar hann  
er að segja henni svona hryllilega sögu?  
Einnig þegar hann ætlaði að láta  
skírnið slíta hausinn af stelpunni!

Ævar er vonsvikinn. Það er sko ekki hægt  
að hræða hana Unu.

Hann liggur grafkyrr.  
Pau kúra í **svefnþoknum** sínum  
inni í ofurlitlu grænu tjaldi.  
Andlitið á Unu er ekki nema tuttugu  
sentimbra frá Ævari. Nú getur hann  
skoðað hana vel af því hún er sofandi.  
Honum finnst hún sæt.  
Ef strákarnir í skólanum vissu þetta nú!

Að hann skuli liggja hér í tjaldi uppi í sveit  
með sætri stelpu!


Að vísu eru þau ekki ein í tjaldinu.  
Því á milli þeirra liggur hann Ási.  
Hann er bróðir Unu.

þarna liggur hann steinsofandi með stóra  
bangsann sinn í fanginu.  
Ási er ekki nema fimm ára gamall.



## EIN HEIMA

Nú hefur Ævar verið heila víku í sveitinni hjá Unu og Ása. Bærinn þeirra heitir Bakki. Þar er lítil og falleg **sveitakirkja** með rauðu þaki. Í kirkjunni eru gamli kertastjakar og fleiri dýrmætir gripir úr kopar og silfri.



Foreldrar Unu reka fjárbú á Bakka. Þau eiga margar kindur. En núna yfir sumarið eru þær allar langt uppi í fjöllum. Undanfarna mánuði hafa þau hjónin búið til ýmislegt úr ullinni af kindnum. Þau hafa ofið og prjónað og saumað og gert marga **fallega hluti**.



Í gær hlóðu þau svo öllum þessum vörum í bílinn sinn. Síðan lögðu þau af stað með þær á markað sem er haldinn austur í Firdi. Þar ætla þau að reyna að selja framleiðsluna. Á meðan þurfa krakkarnir að vera einir heima.  
þegar pabbi og mamma Unu sögðu að þau ættu að vera ein í tvo sólarhringa varð Ævar svoltið hræddur.



– Iss, það verður allt í lagi með ykkur.  
Þið eruð nú bæði orðin fjórtán ára,  
Segir pabbi Unu. Næstum fullorðin!  
– En Ási? Fer hann ekki með ykkur?  
Spyr Una.

– Nei, við getum ekki tekið hann með.  
Það verður svo mikið um að vera  
á markaðnum. Hann flækist bara fyrir.

Og svo voru þau farin.  
– Jibbi! hrópar Una og dansar striðsdans.  
Það er æðislegt að fá að vera ein heima!  
– Jibbi, **jibbí!** hermir Ási eftir henni.  
Svo hleypur hann beinustu leið inn í hlöðu  
og hoppar þar á heyböggunum.



Ævar ákveður að skríða út til að pissa.  
þá man hann að tjaldið þeirra stendur rétt  
við **kirkjugarðinn**. Hann langar ekkert til  
að vera einn úti í rökkrinu.



Og ekki getur hann vakið Unu og beðið  
hana að koma með sér út að pissa!  
Nei, það gengur sko ekki!

En þegar það dimmir meira og ágústnóttin  
færst yfir hljóðna fuglarnir. Þá fer Ævar að  
dotta. Hann byrjar að dreyma.  
Hann dreymir að hann leiði Unu  
og að hún kreisti hönd hans.

Þá hrekkur hann upp!

Ási liggur ofan á hendinni á honum.  
Ævar ýtir honum frá og sest upp.  
Hvað var það sem vakti hann? Var það  
ekki eitthvert hljóð? Ævar er næstum viss  
um að han hafi **heyrt** eitthvað.



Jú, nú kemur það aftur! Hann heyrir  
hurðaskell og hann heyrir líka **RADDIR!**

## HLERINN

Nú hikar Ævar ekki. Hann tekur í Öxlina  
á Unu og hrístir hana.

– Una, vaknaðu!

Það er einhver fyrir utan tjaldið!

Ég heyrði að einhverjir voru að tala saman.

Ævar talar eins hljóðlega og hann getur.

Una sprettur upp eins og stálfjöldur.

Hún nuddar augun og geispar.  
Svo mjakar hún sér úr svefnpokanum.  
Hún kíkir út úr tjaldinu og skrifður  
svo alveg út. Ævar fer á eftir henni  
með hálfum huga. Hann hugsar um  
kirkjugarðinn. Hann er fullur af dauðu  
fólkis og beinagrindum. Það er frekar  
dimmitt úti. Honum líst ekki á blikuna.



Það er ekki um að villast. **Ljósskíma** berst  
gegnum litað glerið í kirkjugluggunum.  
Það falla gulir, rauðir, bláir og grænir  
geislar á grasið. Og þeir hreyfast!



það er einhver með  
vasaljós þarna inni!  
Við verðum að gera  
eitthvað!

Una grípur í handlegginn á Ævari.

– Eigum við ekki að hringja í lögguna?  
spyr hann.

– Löggan er svo langtí burtu, svarar Una.  
Við erum lengst uppi í sveit og þeir eru  
á�eg klukkutíma á leiðinni hingað.  
Komdu, við skulum fyrst **athuga** hvað er  
í gangi. Kannski eru þetta bara einhverjir  
sem við þekkjum.

Una læðist á undan. Ævar kemur á  
eftir henni. Þau skilja Ása eftir í tjaldinu.  
Hann er hvort sem er steinsofandi.  
Una klifrar yfir kirkjugarðsvegginn.  
– Bíddu, Una. Það stakkst eithvað  
í hælinn á mér.

Ævar stansar til að geta kippt svolítili  
tréflís úr hælnum á sér. Una er komin  
alveg að einum glugganum. Ævar nær  
flísinni og hraðar sér svo á eftir Unu.  
Hann snarast yfir vegginn, rekst utan  
í legstein ... og stígur svo beint ofan á  
hlera í jörðinni. En hlerinn er fúinn. Hann  
brotnar og Ævar hverfur **ofan í jörðina!**  
Una tekur ekkert eftir því. Hún heldur að  
Ævar sé enn á eftir henni.



– Sjáðu, hvíslar Una, það er einhver karl þarna inni. Mér líst alls ekki á hann!  
Hún tekur **naglaspýtu** úr hrúgu sem er við kirkjuvegginn.

– Komdu, við förum

inn! Taktu líka spýtu.

Una gengur að hurðinni og sviptir henni upp.

Það er ekki fyrr en hún stendur í dyrunum með

spýtuna á lofti að hún tekur eftir því að Ævar er ekki með henni. Hún stendur alein frammi fyrir Karlínunum í kirkjunni!

En hann er ekki einn!



þegar Ævar dettur niður um hlerann er hann viss um að nú sé hans síðasta stund runnin upp!  
Hjálpi! Nú dett ég ofan í ógeðslega gröf og lendi á rotnuðu líki! hugsar hann. Svo skellur hann niður á hart moldargólf.

Vinstri handleggurinn beyglast undir honum og hann finnur nístandi sársauka. Hann liggur kyrr og vorkennir sjálfum sér. Ég hefði ekki átt að koma hingað í sveitina. Ég hefði bara átt að vera í bænum í allt sumar. Ég hlýt að drepast hérrna niðri!


En svo áttar hann sig á því að það þýðir ekkert að láta eins og aumingu. Hann verður að komast upp aftur.

Ævar lítur í kringum sig. Dauf ljósskíma berst niður til hans. Hann sér að hann er staddir í svölitlu herbergi. Það eru hlaðnir steinveggir allt í kring.

Fjótt á litið sér hann engin rotnandi lík.



Þegar Ævar kemur alveg að hrúgunni í horninu bregður honum í brún. Holar augntóttir og skælbrosandi munnur blasa við! Þetta er **beinagrind!** Hann hrekkur við og flýtir sér aftur að opinu sem hann felli niður um. Það er of hátt fyrir ofan hann. Hann nær alls ekki upp.  
– Una! kallar hann. Komdu!  
Komdu strax og **hjálpaðu mér!**



En hvað er þarna í horninu?

Eitthvað sem glampar á. Ævar þokar sér hægt og hikandi nær. Verkurinn í handleggnum hefur aðeins dofnæð. Vonandi er hann ekki brotinn.



## UNA

Una stendur stjörf í kirkjudyrnum. Karlinn er ekki einn. Það er kona með honum. Þau eru bæði dökkklaðd og með húfur ofan í augu. Konan er með **stóran poku**.  
Þau eru að setja kirkjumuni ofan í hann. Gömlu gripina sem tilheyra kirkjunni!  
Una sér að fallegu koparkertastjakarnir eru horfnir af altarinu. Þeir eru örugglega komnir ofan í pokann líka. Fólk ið stirðnar upp þegar það sér Unu.  
Konan lýsir með **vasaljósi** framan í hana.

– Hvorn fjandann ert þú að gera hér?  
spyr hún reiðilega.

Svo snýr hún sér að Karlínnum.  
– Sagðirðu ekki að það væri enginn heima  
hérna á bænum, aulinn þinn?

– Jú, ég var alveg viss um það, svarar karlinn.  
Ég sá fólkvið aka burt og ég var  
búinn að ganga úr skugga um að það  
væri enginn í húsinu.



– Nei, heldurðu það? svarar karlinn  
og **glennir upp augun**. Mér sýnist þetta  
vara vera venjulegur stelpukrakki. Varla  
erum við nú hrædd við hana!

Una þokkar sér aftur á bak. Hvað get ég  
gert? Hvar er Ævar? Hefur hann falið sig?  
Er hann virkilega svona mikil rola?  
Ætlar hann ekkert að hjálpa mér?  
Una veit ekki að Ævar er að kalla á hana.  
Hún heyrir bara reiðilegar  
raddir innbrotsþjófanna.  
Pessara kirkjuræningja!  
Pessa skítapakks!  
Hún finnur hvernig hún verður  
reiðari og reiðari.

Ég verð að gera eitt hvað til að stöðva þau!  
Þau mega ekki stela dýrgripunum  
úr kirkjunni!

## UPPVAKNINGUR!

– En hvað er þá þetta? segir konan og  
bendir á Unu. Sýnist þér þetta kamski  
vera draugur úr kirkjugardinum?

# Ási

Það er eins og  
röddin komi neðan  
úr jörðinni!

Ási litli vaknar allt í einu um miðja nótt.  
Hann er steinhissa þegar hann sér  
að hann er **aleinn** í tjaldinu.  
Hvar eru Una og Ævar eiginlega?  
þau sem eiga að passa hann!  
Skilja hann svo bara einan eftir.

– Una! kallar röddin.  
Hjálpaðu mér!  
petta er nú skritið,  
hugsar Ási.

Og frekar draugalegt!  
Hann fer aftur inn  
í tjaldið og nær í  
bangsann sinn.

Ási bröltir út úr tjaldinu. Hann skimrar eftir  
krökkunum. Hvar eru krakkarnir? Það er  
hvergi ljós í gluggum í húsini þeirra.  
En hann sér að það er ljós úti í kirkju.  
Getur presturinn verið að messa núna?  
Um miðja nótt? Kannski það.  
þeir eru nú svo skítnir þessir prestar!

Bangsi svarar engu.  
Það fer hrollur um Ása. Hann vill alls ekki  
missa systur sína ofan í jörðina.




Ási heyrir röddina aftur.

– Una! Hvar ertu! **Hjálpaðu mér upp!**

Nú þekkir hann röddina. Petta er rödd

Ævars! Gott að þetta var ekki einhver sem á heima í kirkjugarðinum. Ási fer að kirkjugarðsveggnum. Ætli hann komist yfir hann?

Fyrst hendir  
hann  
bangsanum  
yfir og svo  
reynir hann  
að klöngraст á  
eftir honum.



það gengur frekar illa. Honum tekst ekki að komast upp á vegginn. Hann er aðeins of hár. Ási litast um í rökkrinu. Hann sér gamlan trékassa og dröslar honum að veggnum. Hann klifrar upp á kassann og þaðan upp á vegginn. Svo stekkur hann niður í kirkjugarðinn.

## BANGSI

Ævar stendur beint fyrir neðan opið.  
Hann er búinn að hrópa og kalla  
en Una svarar honum ekki.


Hvað hefur orðið um hana?

Allt í einu kemur eitthvað flíjúgandi niður um gatið til hans. það lendir beint á hausnum á Ævari. Hann meiðir sig ekkert því það er mjúkt og loðið.

Ævar hrekkr við og fær hroll um allan líkamann. Er þetta nokkuð loðna krumlan úr sögunni hans?

En fljótega sér hann að þetta er bangsi.  
Bangsinn hans Ása.

– Bangsi minn! Hvar ertu? er kallað.  
Ævari léttir. Hann er þá ekki alveg aleinn í heiminum ... með bangsa og beiagrind.



– Ási, kallar hann. Ég er hérna niðri.  
Passaðu þig að detta ekki niður líka.  
það er gat hérna í jörðinni  
og ég er þar ofan í.

– En bangsi? Hann er túndur? kjökrar Ási.

– Nei, bangsi er hérna hjá mér. Ég skal  
passa hann. Farðu bara og finndu Unu.  
Hún er kannski í kirkjunni. Segðu henni  
að koma hingað og hjálpa mér upp.

Ævar sér kringlótt andlitið á Ása

þar sem hann **gægist niður** í holuna.

– Flýttu þér! Það er beinagrind hérna.  
Mér finnst ekkert skemmtilegt að vera  
hérna niðri hjá henni!

– Ókei, segir Ási. Hann rís á fætur og rötir  
að kirkjudyrnum.

En þegar hann kemur nær heyrir hann  
raddir. Hann heyrir ekkert í Unu en hann  
heyrir reiðilegar raddir í vondu fólkis.

## PREPIN

Ási veit alveg hvernig raddir vont fólk hefur. Hann hefur oft heyrt í þeim í sjónvarpinu! Hann læðist því hljóðlega að dyrnum og kíkir inn.

Pá sér hann Unu. Hann ætlar að hlaupa til hennar. En þegar hann sér ljótan Karl og ljóta konu grípa í hana hættir hann við. Hann snýr sér og **hleypur á harðaspretti** heim að húsinu þeirra. Hann opnar dyrnar og hendist inn.

Ævar bíður óþolinmóður. Nú hlýtur Ási að koma bráðum aftur með Unu. Það líður dágóð stund. En þau birtast ekki. Ohh! Hann er auðvitað svo lítil og vitlaus hann Ási. Hann hlýtur að hafa klúðrað þessu.



Ævar er reiður og pirraður og kastar bangsanum frá sér. Bangsinn þeytist þvert yfir klefann ... og lendir á seinagrindinni. Það skrötir í beinumum þegar hún hrinur í sundur. **Hauskúpan** rúllar yfir gólfíð í áttina til hans.  
Ævari verður ekki um sel.







En hvað er nú þetta? Hann sér allt í einu móta fyrir þrepum sem eru höggvin í vegginn á bak við beinagrindina.

Hann herðir upp hugann og ákveður að skoða þau betur. Þegar þangað er komið sér hann að undir beinagrindinni er snjáð **trékista**. Ævar er ekki nærrí eins hræddur við beinagrindina eftir að hún datt í sundur og missti af sér hausinn.

Hann sópar því beinunum frá og opnar trékistuna. Ævar grípur andann á lofti!  
Kistan er full af **DÝRGRIPUM!**






þarna eru skartgripir og bikarar og fullt,  
fullt af silfurpeningum! þetta hijóta að  
vera geysilega **dýrmætir forngripir.**

þá heyrir hann allt í einu í Unu.  
Röddin kemur að ofan.  
– Látið mig vera. Sleppið mér,  
ógeðin ykkar!

Nú hikar Ævar ekki lengur. Hann fer að  
veggnum og fikrar sig upp þreppin, alveg  
upp að loftinu.



þá kemst hann ekki lengra. En þarna er  
**hliði** sem hann ýtir á. Hlerinn er þungur  
en Ævar er sterkur og honum tekst að  
lyfta honum. Svo fer hann upp um opið.

– Hver andskotinn! segir Karlinn.

Fleiri krakkar!

Hann missir takið á Unu og hún hleypur strax til Ævars.



## Í KIRKJUNNI

það fyrsta sem Ævar sér þegar hann kemur upp um opið er blá hvelfing með gylltum stjörnum. Hann er staddur innst inni í kirkjunni.

Svo sér hann þjárá manneskjur sem standa og stara á hann. Ein beirra er Una en hitt fólkisíð hefur hann aldrei séð áður.





*þið megið  
ekki stela  
kirkjumunum!*



*Skiptu þér ekki af  
bessu! Þakkaðu bara fyrir  
að sleppa lifandi.*

- Alltaf batnar það! Hvað gerum við nú? segir karlinn við konuna.
- Við læsum krakkaófétin inni í kirkjunni og komum okkur svo burt á traktorum!



Konan stingur síðasta **silfurgripnum** ofan í pokann og svo búa þau sig undir að fara.

Pá fær Ævar hugmynd.

– Ætlið þið **bæra** að taka þetta?  
Þetta er nú ekki neitt, segir hann  
og bendir á pokann.

Pau líta öll undrandi á hann.

– Hvað meinardu? Er eitthvað fleira  
verðmætt hérna? spyr konan.



– Kíkiði bara þarna niður! Alls konar gull  
og silfur. Það er fullt af því þarna niðri.  
Alveg heill fjársjóður!  
Karlinn og konan horfa tortryggin  
hvort á annað.

– Strákurinn er örugglega að reyna að  
plata okkur eitthvað, segir karlinn að  
lokum. En farðu samt niður og athugaðu  
þetta svona til öryggis. Ég skal hafa auga  
með þessum grislingum á meðan. Ég verð  
að passa að þau hringi ekki í lögregluna!  
Konan prílar niður þrepin. Stundarkorn er  
allt hljótt. Síðan heyrist mikil öskur!

**Vá, vá, vááá!**

Ég trúi þessu ekki!  
Strákurinn sagði satt! Það er  
algjör fjársjóður hérna.  
**Við erum rik!**

Ævar bendir þeim á opið sem hann kom  
upp um.

Karlinn verður óskaplega forvitinn. Hann langar að fara strax niður og sjá hvað konan hefur uppgötvuð. En hann þarf líka að passa að Ævar og Una sleppi ekki.

– þú ættir að drífa þig niður líka, segir Ævar. Ég er viss um að kerlingin ættar að hirða alla dýrgripina og stinga þig af! Það er sko önnur leið upp úr jarðhýsinu.

Karlinn er á báðum áttum. Að lokum hraðar hann sér að dyrum kirkjunnar og læsir. Hann stingur lyklínunum í vasann. Svo kemur hann til baka og fer niður þrepin.



## LOKAÐ OG LÆST

þegar karlinn er farinn niður flytir Ævar sér að skella hleranum aftur. Hann setur risastóra og þykka bók ofan á. Honum finnst bókin ekki nógum þung svo hann fær Unu til að hjálpa sér við að drösla tveimur **kirkjubekkjum** þar ofan á.



– Nú verðum við að komast strax út og loka hinu opinu líka! æpir hann. En dyrnar eru læstar. Hvernig komumst við út?

– Ekki málið! segir Una. Ég veit um **hinn lykilinn**.

Hún hleypur að útidyrnum og opnar líttinn skáp. Þar liggur annar lykill á hillu! Una er ekki lengi að stinga honum í skrána og opna.



– Það hlýtur að vera annar útgangur hér einhvers staðar, svarar karlinn. Heyrðu, þau kemur smá birta niður.

Þau eru þá búin að finna gatið!

Una og Ævar mega engan tíma missa.

– Hvernig getum við lokað gatinu svo þau komist ekki upp? segir Una.


– Hérna, hjálpaðu mér með þetta!

Ævar bendir á **legstein** í grasiniu.

Á honum stendur:

*Hér hvílir Guðfríður Bjarnadóttir*

Unu og Ævari tekst með erfiðismunum að mjaka steininum yfir opið.



Ævar hleypur út á undan. Hann veit hvar opið er sem hann datt niður um. Þau heyra blótsyrðin frá fólkiniu.

– Þau hafa lokað okkur hér niðri! Petta er allt þér að kenna! æpir konan.

## LÖGGAN

– Ha? Hvernig getur staðið á þessu?  
Koma þeir áður en við hringjum?  
Lögreglubíllinn stansar á hlaðinu og tveir  
**lögreglumenn** snarast út.



– Vá! Þetta var nú meira vesenið! Hvað gerum við nú? segir Ævar og kastar sér niður í grasið. Hann er dauðþreyttur og skjálfandi eftir allan æsinginn.  
– Nú hringjum við í lögguna! segir Una.  
En hún verður sko heillengi á leiðinni.  
Vonandi getum við haldið þjófunum barna niðri á meðan.

Varla hefur hún sleppt orðinu þegar þau sjá bíl með **blá blikkandi ljós**. Hann kemur æðandi eftir þjóðveginum og stefnir beint til þeirra.

– Ha? Hvað? Hver?  
Ævar og Una eru alveg ringluð.  
– Nú, ljóta, vonda fólk! svarar löggan.  
– Hvernig vissuð bið um það?  
Una er alveg gáttuð.



– Það hringdi einhver líttill krakki í neyðarlíuna og sagði að það væri ljótt og vont fólk í kirkjunni að meiða Una systur. Ert þú kannski Una systir?

– Já, segir Una og brosir út að eyrum. Við erum búin að loka ljóta fólkvið inni.

Löggurnar líta hvor á aðra.


– Ég held við höfum verið göbbuð. Þetta hljómar ekki sennilega. Þeir sem liggja undir legsteinum eru allir dánir. Það er of seint fyrir lögregluna að handtaka þá!

– Nei, þetta er alveg satt!

En það er samt betra að ná þeim upp um hitt gatið sem er inni í **kirkjunni**. Una og Ævar fylgja lögregluþjónunum inn í kirkjuna.



– Þau eru lokuð niðri í jörðinni, bætir Ævar við. Þau eru með fullt af dýrgripum undir þessum steini! Hann bendir á **legsteininn** hennar Guðfríðar Bjarnadóttur.



## SOFANDI STRÁKUR

– Hann er svona klár hann litli bróðir minn,  
segir Una stolt.

– Já, hann kann að hringja í neyðarlínuna,  
segir Ævar.

– En greyið. Hann verður spældur þegar  
hann vaknar á morgun og fattar að hann  
hefur misst af löggunni. Jæja, hann mun  
bó alla vega hitta fólkid frá Safninu sem  
kemur til að líta á forngrípina.

Þegar löggurnar hafa handjárnar ófjófana  
og farið með þá burt fara Una og Ævar  
að leita að Ása.  
Hann er ekki inni í tjaldinu. En þau finna  
hann loks undir borði inni í stofu.  
Hann liggur þar **steinsofandi** með símann  
í hendinni.



pú ert nú líka algjört **æði**.  
Ég hélt að þú værir svo  
mikil rola. En nú veit ég að  
þú ert sko **kúl!**



Una smellir einum nettum kossi á Ævar  
og brýstir hönd hans.

– Ái, ég held ég sé handleggsbrotinn!  
Segir Ævar og kveinkar sér.

En þótt hann finni til brosir hann  
til Unu. Hann hugsar um leið til strákanna  
í skólanum, það verður gaman að hitta þá  
aftur í haust og segja þeim frá  
bessu öllu saman.

16235123

Sig Óbo  
Sigrún Eldjárn  
Óboðnir gestir /

Safn  
Glerárskóli